

AUGLÝSING

um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélagsins.

Á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir almannavarnastigi vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga, hefur innviðaráðherra tekið svofellda ákvörðun, með vísan til 1. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til að tryggja starfhæfi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélagsins, er bæjarstjórn Grindavíkurbæjar heimilt að taka ákvarðanir sem fela í sér eftirfarandi frávik frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:

- Að fundir bæjarstjórnar verði haldnir á öðrum stað en mælt er fyrir í samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda verði haldnir fyrir utan sveitarfélagið.
- Að nefndarmenn taki þátt í fundum sveitarfélagsins með rafrænum hætti þrátt fyrir að vera ekki staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess.
- Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.
- Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi sem haldinn er utan sveitarfélagsins og á öðrum stað en mælt er fyrir um í 8. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Um er að ræða frávik frá skilyrðum 1. mgr. 14. gr., 4. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr. og 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimild þessi öðlast gildi 16. júlí og gildir til 15. nóvember 2024. Um er ræða framlengingu sambærilegar heimildar sem sveitarfélaginu var veitt með ákvörðun ráðherra, nr. 333/2024.

Heimildin fellur þó úr gildi fyrir 15. nóvember 2024 ef ríkislögreglustjóri aflýsir almannavarnastigi í sveitarfélaginu fyrir þann tíma, sbr. reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009 og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 34. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Innviðaráðuneytinu, 3. júlí 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Aðalsteinn Eyþór Þorsteinsson.